



Stefna Öldutúnsskóla um heimanám

Markmið og tilgangur með heimanámi

- Þjálfá og efla færni nemenda.
- Hjálpa nemendum að skipuleggja sig og skapa aðhald.
- Efla ábyrgð nemanda á námi sínu.
- Auka meðvitund foreldra um nám barna sinna.
- Efla samstarf heimila og skóla.

Hlutverk nemenda

- Bera ábyrgð á sínu heimanámi.
- Skila heimanámsverkefnum vel unnum og á réttum tíma.
- Gæta þess að taka viðeigandi námsgögn heim til að hægt sé að ljúka heimanáminu..

Hlutverk foreldra

- Vera jákvæð og skapa barninu góðar aðstæður fyrir heimavinnu.
- Sýna barninu stuðning og hvatningu.
- Aðstoða barnið sitt við að skipuleggja heimanámið.
- Fylgjast með heimanámi og sjá hvar hjálpar er þörf og hjálpa mátulega mikið.
- Kenna börnunum að taka sjálf ábyrgð á heimanámi sínu smám saman.
- Vera í góðu sambandi við skólann.

Áherslur heimanámsverkefna

- Miðist við vinnu á virkum dögum.
- Miðist við áætlun fyrir hverja viku.
- Séu sniðin eftir aldri, styrkleika og getu hvers og eins.
- Efli og styrki nemendur.
- Auki meðvitund foreldra um nám barna sinna.
- Efli námstækni nemenda.
- Tengir saman heimili og skóla.

Leiðir að fjölbreyttu og skilvirku heimanámi

- Heimanám taki mið af hefðbundnum jafnt sem óhefðbundnum verkefnum.
- Samræmi á viðfangsefnum heimanámsins innan hvers árgangs.
- Einstaklingsmiðun í heimanámi. Hafa hliðsjón af þeim sem þurfa sérstakan stuðning sem og bráðgerum nemendum.
- Markmið heimanáms þurfa að vera skýr og nemendur þurfa að vita til hvers er ætlast.
- Í heimanámi getur falist:
 - Hefðbundin og óhefðbundin verkefni.
 - Að nemendur undirbúi sig fyrir næstu kennslustund.
 - Að nemendur ljúki verkefnum sem ekki tókst að ljúka í skóla.
 - Samvinnuverkefni nemenda.
- Skráning heimanáms í Mentor, vikuáætlun eða dagbók.
- Nemendur fá endurgjöf og/eða einkunnir fyrir heimanám.